

## Athugasemdir Landssamtakanna Proskahjálpar<sup>1</sup> til starfshóps um endurskoðun kosningalaga.

Landssamtökkin Proskahjálp þakka fyrir að fá tækifæri til að skila athugasemduum til starfshópsins og vilja á þessu stigi koma eftifarandi á framfæri við hann en áskilja sér rétt til að koma frekari upplýsingum, gögnum og sjónarmiðum á framfæri við starfshópinn síðar. Samtökin óska jafnframt eindregið eftir að fá að koma á fund starfshópsins til að gera honum betur grein fyrir sjónarmiðum sínum og áherslum varðandi umfjöllunarefni hópsins.

Í 33. gr. íslensku stjórnarskráinnar segir:

*Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgarárétt.*

Íslenska ríkið fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks á síðasta ári og skuldbatt sig þar með til að framfylgja ákvæðum samningsins í íslenskum lögum og stjórnsýsluframkvæmd. 29. gr. samningsins ber yfirskriftina „Pátttaka í stjórnmálum og opinberu lífi“. Þar segir:

*Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum stjórnmálaleg réttindi og tækifæri til þess að njóta þeirra til jafns við aðra og skulu jafnframt:*

*a) tryggja að fötluðu fólk sé gert kleift að taka virkan og fullan þátt í stjórnmálum og opinberu lífi til jafns við aðra, með beinum hætti eða fyrir atbeina fulltrúa eftir frjálsu vali; þar með talið er réttur og tækifæri til þess að kjósa og vera kosinn, meðal annars með því:*

...

*iii. að fatlað fólk geti tjáð frjálst vilja sinn sem kjósendur og að heimilað sé í þessu skyni, þar sem nauðsyn krefur og að ósk þess, að það njóti aðstoðar einstaklinga að eigin vali við að greiða atkvæði. (Undirstr. Proskahj.)*

Í 1. mgr. 86. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, eins og henni var breytt með lögum nr. 111/2012, segir:

*Ef kjósandi skýrir kjörstjórn svo frá að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothaef skal sá úr kjörstjórninni er kjósandi nefnir til veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir ótvíraett frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnað hjálpar. (Undirstr. Proskahj.)*

---

<sup>1</sup> Landssamtökkin Proskahjálp vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fólk með þroskahömlun og fötluð börn. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlað fólks. Um 20 félög eiga aðild að samtökunum með um 6 þúsund félagsmenn.

Í 2. mgr. 86. gr. er síðan heimild, bundin ýmsum skilyrðum, fyrir einstakling til að fá aðstoð fulltrúa sem hann hefur sjálfur valið við að greiða atkvæði ef hann þarf aðstoð „sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf“.

Sambærileg ákvæði er að finna í 63. gr. laganna þar sem mælt er fyrir um framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Af framangreindu leiðir að samkvæmt kosningalögum er heimild fatlaðs einstaklings til aðstoðar við að greiða atkvæði bundin því skilyrði að þörf fyrir aðstoðina sé vegna „sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf“. Sé ástæða þess að einstaklingur þarf aðstoð til að greiða atkvæði annars konar fötlun, s.s. þroskahömlun og/eða einhverfa, á hann því ekki rétt til aðstoðar samkvæmt íslenskum lögum. Þetta er mismunun á grundvelli fötlunar sem stangast, að mati Landssamtakanna þroskahjálpar, á við íslenska stjórnarskrá og fer augljóslega í bága við framangreint ákvæði liðar iii. í a-lið 29. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og fleiri ákvæði samningsins sem banna mismunun á grundvelli fötlunar.

Skoða þarf ákvæði laga og reglna varðandi kosningar til sveitarstjórna og eftir atvikum og þörfum varðandi aðrar kosningar m.t.t. þess sama og rakið er að framan.

Landssamtökin þroskahjálp hafa margssinnis bent íslenskum stjórnvöldum á þetta alvarlega mannréttindabrot og hafa krafist þess að þau gerðu nauðsynlegar breytingar á lögum og stjórnsýlu til að fólk með þroskahömlun og/eða einhverfu fái notið þeirra mannréttinda og grundvallarréttar í lýðræðisríki að geta greitt atkvæði í kosningum eins og annað fólk og fái þannig að taka þátt í því með öðrum Íslendingum að velja fulltrúa til að fara með vald og almannafé fyrir sína hönd.

Lesa má um þessi mikilvægu mannréttindamál og hvernig staðan í þeim er almennt og hér á landi í grein Rannveigar Traustadóttur prófessors og James G. Rice lektors, „Kosningar, lýðræði og fatlað fólk“, sem birtist á árinu 2017 í vefritinu „Stjórnsmál og stjórnsýsla“. Landssamtökin þroskahjálp hvetja þá sem sitja í starfshópnum eindregið til að kynna sér þessa grein mjög vel. Greinina má nálgast hér: <https://www.throskahjalp.is/static/files/PDF-SKJOL/kosningar.pdf>

Landssamtökin þroskahjálp skora á starfshóp um endurskoðun kosningalaga að taka það sem er rakið hér að framan til viðeigandi og vandaðrar skoðunar og leggja til breytingar á kosningalögum sem nauðsynlegar eru til að bæta úr þeirri alvarlegu mismunun sem fólk með þroskahömlun og/eða einhverfu þarf nú að þola hvað varðar rétt og tækifæri til að nýta lýðræðisleg réttindi sín til að kjósa til jafns við aðra. Samtökin ítreka jafnframt þá eindregnu ósk sína að fá að koma á fund starfshópsins til að gera honum betur grein fyrir sjónarmiðum sínum og áherslum í þessu mikilvæga mannréttindamáli.

21. janúar 2019.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssamtakanna þroskahjálpar,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri

## Tí starfshóps um endurskoðun kosningalaga.

Landssamtökkin Proskahjálp<sup>2</sup> vilja sérstaklega koma eftirfarandi á framfæri við starfshóp um endurskoðun kosningalaga.

### 1. Sett verði heildarlöggjöf um framkvæmd allra almennra kosninga.

Samtökin leggja eindregið til að sett verði heildarlöggjöf um framkvæmd allra almennra kosninga. Í þeirri löggjöf er nauðsynlegt að uppfylltar verði allar skyldur sem hvíla á íslenska ríkinu samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks<sup>3</sup> og þýðingu hafa í þessu sambandi.

### 2. Mismunun á grundvelli fötlunar verði afnumin.

Ákvæðum í kosningalögum um að einstaklingur geti fengið aðstoð til að kjósa frá kjörstjóra eða fulltrúa sem hann hefur sjálfur valið verði breytt þannig að þau eigi við þegar einstaklingur þarf og vill slíka aðstoð vegna fötlunar en ekki einungis „sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf“, eins og nú er í lögum. Núgildandi lög mismuna fólk alvarlega á grundvelli fötlunar og heimila t.a.m. ekki að fólk með þroskahömlun og/eða einhverfu sem þarf og vill slíka aðstoð geti fengið hana. Þetta samræmist augljóslega ekki skyldum ríkisins samkvæmt 29. gr. samnings Sþ um réttindi fatlaðs fólks sem hefur yfirskriftina „Þátttaka í stjórnmálum og opinberu lífi.“ Greinin hljóðar svo:

*Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólk stjórnmálaleg réttindi og tækifæri til þess að njóta þeirra til jafns við aðra og skulu jafnframt:*

a) tryggja að fötluðu fólk sé gert kleift að taka virkan og fullan þátt í stjórnmálum og opinberu lífi til jafns við aðra, með beinum hætti eða fyrir atbeina fulltrúa eftir frjálsu vali, þar með eru talin réttur og tækifæri til þess að kjósa og vera kosinn, einnig með því:

i. að tryggja að kosningaaðferðir, kosningaaðstaða og kjörgögn séu við hæfi, aðgengileg og auðskilin og auðnotuð,

ii. að vernda rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt í leynilegri atkvæðagreiðslu í kosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum án ógnana og til þess að bjóða sig fram í kosningum, að gegna embættum með virkum hætti og að sinna öllum opinberum störfum á öllum stigum stjórnsýslu, jafnframt því að greiða fyrir notkun hjálpartækja og nýrrar tækni þar sem við á,

<sup>2</sup> Landssamtökkin Proskahjálp vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fólk með þroskahömlun og fötluð börn. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlað fólks. Um 20 félög eiga aðild að samtökunum með um 6 þúsund félagsmenn.

<sup>3</sup> Íslenska ríkið fullgilti samning Sþ um réttindi fatlaðs fólks og skuldbatt sig þar með til að „tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og mannfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi vegna fötlunar. Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:

a) að samþykkja öll viðeigandi lagaákvæði og ráðstafanir á svíði stjórnsýslu og aðrar ráðstafanir til þess að þau réttindi sem eru viðurkennnd með samningi þessum verði að veruleika,

b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar með talið á svíði lagasetningar, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólk, verði breytt eða þau afnumin, ...“, sbr. 4. gr. samningsins.

*iii. að fatlað fólk geti tjáð vilja sinn sem kjósendur á frjálsan hátt og að heimilað sé í bessu skyni, þar sem nauðsyn krefur og að ósk þess, að það njóti aðstoðar einstaklinga að eigin vali við að greiða atkvæði,*

b) stuðla ötullega að móturn umhverfis þar sem fatlað fólk getur tekið virkan og fullan þátt í opinberri starfsemi, án mismununar og til jafns við aðra, og hvetja til þátttöku þess í opinberri starfsemi, einnig:

i. þátttöku í starfsemi frjálsra félagasamtaka og samtaka, sem láta sig málefni almennings varða og stjórnmálalíf viðkomandi lands, og í störfum og stjórn stjórnmálflokka,

ii. þátttöku í því að mynda og gerast aðilar að samtökum fatlaðs fólks til þess að rödd þess heyrist á alþjóðavettvangi, heima fyrir á landsvísu og innan landsvæða og sveitarfélaga. (Undirstr. og feitletr. Þroskahj.)

### **3. Ákvörðun um veitingu aðstoðar við að kjósa og framkvæmd hennar verði einfölduð.<sup>4</sup>**

Endurskoða þarf þá aðferð sem mælt er fyrir um í núgildandi kosningalögum að skuli höfð við að ákveða hvort skilyrði eru til að einstaklingur fái aðstoð við að kjósa. Afar mikilvægt er að öll framkvæmd varðandi þetta sem og þegar slík aðstoð er veitt verði eins einföld og nokkur kostur er og valdi eins lítilli fyrirhöfn, raski og óþægindum fyrir hlutaðeigandi einstaklinga sem og aðra kjósendur eins og mögulegt er. Öll fyrirhöfn og óþægindi í sambandi við þetta getur verið niðurlægjandi fyrir þá sem í hlut eiga og/eða vakið hjá þeim tilfinningar um aðgreiningu og frávik og getur einnig birst öðrum kjósendum með þeim hætti. Það er augljóslega til þess fallið að draga úr vilja einstaklings til að nýta kosningarárétt sinn. Ríkinu er því skylt að lágmarka slíkar hindranir eins og nokkur kostur er. Þroskahjálp leggur því eindregið til að kosningalög verði endurskoðuð m.t.t. þessa.

### **4. Auðskiljanlegt efni varðandi kosningar. – Möguleiki til að kynna sér kjörgögn fyrirfram.**

Til að tyggja að fatlað fólk, t.a.m. fólk með þroskahömlun og/eða einhverfu, fái notið kosningaráréttar til jafns við aðra er afar mikilvægt að „kjörgögn séu við hæfi, aðgengileg og auðskilin og auðnotuð“, eins og segir í 29. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks. Þetta er mikilvægt í öllum kosningum en eðli máls samkvæmt sérstaklega mikilvægt þegar um kosningar er að ræða þar sem kostir sem kjósendum bjóðast eru margbreytilegri og/eða á einhvern hátt flóknari en almennt er í kosningum, eins og getur t.a.m. verið í þjóðaratkvæðagreiðslum. Þroskahjálp telur mikilvægt að í lögum um kosningar verði mælt fyrir um skyldur hlutaðeigandi stjórnvalda til að líta sérstaklega til þessa við gerð kjörgagna.

Þá er mjög mikilvægt að kjörgögn eins og þau munu liggja fyrir kjósendum í kjörklefum verði öllum aðgengileg með eins góðum fyrirvara og mögulegt er fyrir kosningar til að þeir sem vilja geti búið sig undir að greiða atkvæði. Sama á við um leiðbeiningar um hvernig kosningar fara fram. Mikilvægt er að slíkar leiðbeiningar séu á einföldu og auðskildu máli. Tækifæri til þess að búa sig þannig undir að greiða atkvæði eru mikilvæg fyrir marga kjósendur og m.a. fyrir fólk með þroskakerðingar og/eða einhverfu.

5. febrúar 2019.

<sup>4</sup> Í 29. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks er m.a. kveðið á um skyldu ríkja til „að tryggja að kosningaaðferðir, kosningaaðstaða og kjörgögn séu við hæfi, aðgengileg og auðskilin og auðnotuð“. (Undirstr. Þroskahj.).

## Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks.

Fullgiltur af Íslandi 2016.

4. gr.

*Almennar skuldbindingar.*

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og mannfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi vegna fötlunar.

Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:

a) að samþykka öll viðeigandi lagaákvæði og ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og aðrar ráðstafanir til þess að þau réttindi sem eru viðurkennd með samningi þessum verði að veruleika,

5. gr.

*Jafnrétti og bann við mismunun.*

1. Aðildarríkin viðurkenna að allir menn eru jafnir fyrir og samkvæmt lögum og eiga rétt á jafnri vernd og jöfnum hag lögum samkvæmt án nokkurra mismununar.

2. Aðildarríkin skulu banna hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og tryggja fötluðu fólkjafna og skilvirka réttarvernd gegn mismunun af hvaða ástæðu sem er.

3. Aðildarríkin skulu, í því skyni að stuðla að jöfnuði og uppræta mismunun, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fötluðu fólkjastand viðeigandi aðlögun til boða.

4. Eigi ber að líta á sértækari ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til þess að flýta fyrir eða ná fram jafnrétti til handa fötluðu fólkjí reynd, sem mismunun samkvæmt skilmálum samnings þessa.

„„viðeigandi aðlögun“ merkir nauðsynlegar og viðeigandi breytingar og lagfæringar, sem eru ekki umfram það sem eðlilegt má teljast eða of íþyngjandi, þar sem þeirra er þörf í sérstöku tilviki, til þess að tryggt sé að fatlað fólk fái notið eða geti nýtt sér, til jafns við aðra, öll mannréttindi og mannfrelsi, ...“

9. gr.

*Aðgengi.*

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðu fólkjkleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt á öllum sviðum lífsins, þ.e. ráðstafanir sem miða að því **að tryggja fötluðu fólkjastand til jafns við aðra** að hinu efnislega umhverfi, að samgöngum, **að upplýsingum** og samskiptum, einnig að upplýsinga- og samskiptatækni og kerfum þar að lútandi, og að annarri aðstöðu og þjónustu sem almenningi stendur opin eða er veitt, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Fyrrnefndar ráðstafanir, sem skulu felast í því að staðreyna og útrýma hindrunum og tálnum sem hefta aðgengi, skulu meðal annars ná til:

...

f) stuðla að því að fatlað fólk fái notið annars konar viðeigandi aðstoðar og þjónustu sem tryggir því aðgang að upplýsingum,

12. gr.

*Réttarstaða til jafns við aðra.*

1. Aðildarríkin áréttu að fatlað fólk eigi rétt á því að vera viðurkennt alls staðar sem persónur að lögum.

2. Aðildarríkin skulu viðurkenna að fatlað fólk njóti gerhæfis til jafns við aðra á öllum sviðum lífsins.

3. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk fái þann stuðning sem það kann að þarfnaст þegar það nýtir gerhæfi sitt.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að allar ráðstafanir, sem varða nýtingu gerhæfis, feli í sér viðeigandi og árangursríkar verndarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir misnotkun í samræmi við alþjóðleg mannréttindalög. Þessar verndarráðstafanir skulu tryggja að með ráðstöfunum, sem varða nýtingu gerhæfis, séu réttindi, vilji og séróskir viðkomandi einstaklings virt, slíkar ráðstafanir leiði ekki til hagsmunárekstra eða hafi ótilhlyðileg áhrif, þær séu til samræmis við og sniðnar að aðstæðum viðkomandi einstaklings, gildi í sem skemmstan tíma og séu endurskoðaðar reglulega af til þess bæru, sjálfstæðu og hlutlausu yfirvaldi eða stofnun á sviði dómsmála. Verndarráðstafanirnar skulu vera í samræmi við þau áhrif sem fyrnefndar ráðstafanir hafa á réttindi og hagsmuni viðkomandi einstaklings.

5. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi og árangursríkar ráðstafanir, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, til þess að tryggja jafnan rétt fatlaðs fólks til þess að eiga eða erfa eignir, að stýra eigin fjármálum og hafa jafnan aðgang að bankalánum, veðlánúnum og annars konar lánaþyrgreiðslu, jafnframt því að tryggja að fatlað fólk sé ekki svípt eignum sínum eftir geðþóttu.

29. gr.

*Páttaka í stjórnmálum og opinberu lífi.*

Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólkstjórnmalaleg réttindi og tækifæri til þess að njóta þeirra til jafns við aðra og skulu jafnframt:

a) tryggja að fötluðu fólk sé gert kleift að taka virkan og fullan þátt í stjórnmálum og opinberu lífi til jafns við aðra, með beinum hætti eða fyrir atbeina fulltrúa eftir frjálsu vali, þar með eru talin réttur og tækifæri til þess að kjósa og vera kosinn, einnig með því:

i. að tryggja að kosningaaðferðir, kosningaaðstaða og kjörgögn séu við hæfi, aðgengileg og auðskilin og auðnotuð,

ii. að vernda rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt í leynilegri atkvæðagreiðslu í kosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum án ógnana og til þess að bjóða sig fram í kosningum, að gegna embættum með virkum hætti og að sinna öllum opinberum störfum á öllum stigum stjórnsýslu, jafnframt því að greiða fyrir notkun hjálpartækja og nýrrar tækni þar sem við á,

iii. að fatlað fólk geti tjáð vilja sinn sem kjósendar á frjálsan hátt og að heimilað sé í þessu skyni, þar sem nauðsyn krefur og að ósk þess, að það njóti aðstoðar einstaklinga að eigin vali við að greiða atkvæði,

b) stuðla ötullega að móturn umhverfis þar sem fatlað fólk getur tekið virkan og fullan þátt í opinberri starfsemi, án mismununar og til jafns við aðra, og hvetja til þátttöku þess í opinberri starfsemi, einnig:

i. þátttöku í starfsemi frjálsra félagasamtaka og samtaka, sem láta sig málefni almennings varða og stjórnmalalíf viðkomandi lands, og í störfum og stjórn stjórnmalaflokka,

ii. þátttöku í því að mynda og gerast aðilar að samtökum fatlaðs fólks til þess að rödd þess heyrist á alþjóðavettvangi, heima fyrir á landsvísu og innan landsvæða og sveitarfélaga.